

Langanesi 24/11/2022

Til oddvita Langanesbyggðar og sveitarstjórnar.

Ágæti oddviti og sveitarstjórn, bréf þettað óskast tekið fyrir á næsta fundi.

Bréf þetta er sent til að vekja athygli á þeirri bráðu hættu, sem byggð á utanverðu Langanesi er í, vegna ágangs sjávar. Fyrst ætla ég undirritaður, Páll Jónasson, að viðra mínar persónulegar skoðanir, þannig að aðrir undirritaðir bera enga ábyrgð á þeim.

Ég hef í langan tíma horft á Sauðanesmalirnar lækka með hverju stórbrimi, og sandfjöruna utan við Lambanes færast sífellt nær veginum. En það var ekki fyrr en í haust sem ég skildi hvað ástandið væri grafalvarlegt og tíminn naumur. Þetta er það sem ég held að muni gerast á næstu 2 til 4 árum ef ekkert er að gert:

Brimið mun brjóta skarð í Malirnar á nokkrum stöðum og taka veginn með sér og flæða inn í Lónin (sem eru á náttúruminjasrá), sandfjaran utan við ytri Lambanesbeygjuna mun ná uppfyrim núverandi veg uppá tún sem þar eru og eyðileggja þau. Sú eyðilegging er reyndar byrjuð nú þegar. Þá verður ástandið svona: Frá gamla flugvellinum neðan við Sauðanes og út að Hlíðarkofa um 5,5 km er enginn vegur. Sauðaneslónin orðin sjávarlón og allur silungur flúinn úr þeim. Stórt æðarvarp í hólum í Lónunum stórskadað eða horfið. Raflínan horfin og brúin á Sauðanesósnum stendur ein uppúr sjónum en hverfur svo fljótlega.

Þetta má ekki gerast, til þess er skaðinn of stór og of ómetanlegur. Nefna má myndarlegt fjárbú og blómlega ferðapjónustu á Ytra Lóni, sívaxandi straum ferðamanna út á Langanes, lögbýli og hlunnindabúskap á Hlíð og Eiði, einnig eyðibýli sem nýtt eru til útivistar og veiðiskapar, töku bjargfuglsegga ofl.

En hvað er til ráða? Kannski er ekki of seint að sá melfræi í tæplega 2. km spotta beggja vegna við Suðanesós, einnig væri tilraunarinnar virði að ýta ytri hluta Malanna upp í hrygg og sjá hvað gerist. Sandfjaran utan við Lambanes er komin yfir veginn og búin að eyðileggja tún þar, hætt er við að í næsta brimi verði vandinn enn stærri. Þarna mætti forðast stórslys með að hlaða grjóttgarð um 300 m. STRAX. (Þetta er smámál í stóra samhenginu og væri hægt núna). Ágætt væri líka að kanna sjávarbotninn framanvið Malirnar, hvort hægt væri að sækja efni þaðan.

En til framtíðar þarf að hlaða varnargarða úr stórgrýti þar sem aðrar aðferðir duga ekki, vilji menn halda landinu í byggð og hafa tekjur af: landbúnaði, náttúruauðlindum, náttúruperlum og ferðamönnum. En sumt er ekki hægt að meta til fjár.

Og lýkur hér hugleiðingum Páls.

Við undirrituð erum þessum hugleiðingum sammála, og við ábúendur utan Þórshafnar getum ekki sætt okkur við það lengur að í hvert sinn er vegurinn rofnar, og sjór og annar óþverri flýtur yfir og eyðileggjur tún og náttúruminjar sé aldrei neitt gert annað en krafsa í sárin og við svo látin sætta okkur við að keyra hálfófæran veginn meginhluta ársins.

Snúa blaðinu við

Og við undirrituð skorum á sveitarstjórn Langanesbyggðar, að gera allt sem í hennar valdi stendur til að björgunaraðgerðir hefjist sem allra fyrst.

Undir þettað rita:

Páll Jónasson Flióf k. 211147-4079

Vilhjálmur Auður Jónsson 050342-3529 Eidi

~~Sarrifillir í trélini~~

Miriam Þóttkenwert Ytra Lani

Steinunn Anna Halldórsdóttir Sandanes
Agriót M. Agriótsson Sandanesi

Karl Ásberg Steinsón k+3103763459 Sandanesi

Hauðóra Sigríður Agriótdóttir Sandanesi 170380-3639